

Nr. 22-021- S 017 Brynjólfur VE 3***Skipverji rennur í lest og slasast á baki.***

Skipaskr.nr. 1752
IMO nr. 8303410
Smíðaður: Akranesi 1987 stál
Útgerð: Vinnslustöðin hf
Stærð: 531,5 BT
Mesta lengd: 41,98 m Skráð lengd: 39,8 m
Breidd: 8,1 m Dýpt: 6,25 m
Vél: Berger Diesel 728 kW 1987
Fjöldi skipverja: 12



Brvniólfur ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNA

Málið afgreitt á fundi 30. maí 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirprúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 20.1.2022 var Brynjólfur VE 3 að veiðum. Veður V 10-18 m/s.

Skipverji var að vinnu í lest skipsins og var að lyfta fiskikari þegar hann féll aftur fyrir sig og lenti með bakið á öðru kari. Skipverjinn meiddist á hrygg og hætti strax störfum.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Skipverjinn var einn að störfum í lest skipsins.
- Hann var að lyfta 300 lítra fiskikari upp í þriðju hæð og stóð ofan í öðru kari við verkið.
- Verklagsreglur um borð eru þær að öllu jöfnu er aðeins einn maður í lest en bætt er við manni ef þurfa þykir. Fleiri fara síðan og ganga frá afla að lokinni aðgerð.
- Áhættumat fyrir störf í lest hefur ekki verið gert en til er áhættumat fyrir ýmis önnur störf í skipinu.
- Öryggisnefnd er ekki virk og ekki eru til staðar skriflegar vinnureglur.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.